

# Ársskýrsla safnaráðs

## 2016

---



**SAFNARÁÐ**

The Museum Council of Iceland

## Efnisyfirlit

---

Kveðja framkvæmdastjóra .....	2
1. Staða og hlutverk safnaráðs.....	3
2. Starf ráðsins á árinu 2016 .....	4
2.1. Rekstur skrifstofu .....	4
2.2. Uppgjör safnasjóðs 2016 .....	4
2.3. Vefsíða safnaráðs.....	6
2.4. Umsóknavefur safnaráðs .....	6
3. Eftirlitshlutverk safnaráðs .....	6
4. Stofnskrár.....	8
5. Viðurkenning safna .....	8
6. Úthlutanir úr safnasjóði .....	8
6.1. Aðalúthlutun ársins 2016 úr safnasjóði.....	8
6.2. Ný úthlutun úr safnasjóð – símenntunarstyrkir til viðurkenndra safna.....	9
7. Nýjar úthlutunarreglur og nýjar verklagsreglur.....	9
8. Rannsóknir og málþing safnaráðs .....	10
8.1. Málþing um söfn og ferðaþjónustu.....	10
9. Önnur mál.....	11
A. Viðauki A – úthlutanir úr safnasjóði 2016 .....	12
a) Aðalúthlutun úr safnasjóði 2016.....	12
b) Úthlutun símenntunarstyrkja til viðurkenndra safna árið 2016 .....	17
c) Fjárveitingar til safnasjóðs 2002-2016 .....	18
B. Viðauki B – upplýsingar um rekstur safna og faglegt starf viðurkenndra safna á Íslandi 2015 .....	21
a) Eignarhald .....	21
b) Rekstrartekjur .....	21
c) Upphæð rekstrartekna.....	22
d) Rekstrargjöld.....	23
e) Gestafjöldi.....	24
f) Aðgöngueyrir .....	25
g) Starfsmannamál.....	25
h) Staða skráningar viðurkenndra safna.....	26

## Kveðja framkvæmdastjóra

---

Árið 2016 var fjórða árið sem safnaráð starfaði eftir nýjum safnalögum sem tóku gildi um áramótin 2013 og er því meiri reynsla að koma á lagaramma safnaráðs og í starfsemi ráðsins. Á árinu fékk eitt safn viðurkenningu til viðbótar við þau 45 sem þegar höfðu hlotið hana og þar með rétt til að nota einkennismerki viðurkenndra safna. Í safnalögum er kveðið á um eftirlit safnaráðs með viðurkenndum söfnum og á árinu voru þrettán söfn valin til eftirlits í samræmi við 2. hluta eftirlits með viðurkenndum söfnum, en verkefnið var unnið í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands. Eftirlitinu verður haldið áfram á næstu árum.

Tekin var upp ný haustúthlutun safnasjóðs til viðurkenndra safna á árinu, en úthlutað var símenntunarstyrkjum til eflingar faglegu starfi viðurkenndra safna. Tilgangur með þessum styrkjum var að styrkja faglegt starf safnanna og efla þátt símenntunar. Tuttugu og eitt viðurkennt safn hlaut símenntunarstyrk að þessu sinni, frá 100.000 kr. til 250.000 kr. hver, en heildarúthlutun var alls 4.603.125. Verður þessari haustúthlutun haldið áfram næstu ár, ef framlög til sjóðsins leyfa.

Nýr umsóknavefur var tekin í notkun á árinu og mun hann einfalda vinnslu umsókna, auk þess sem umsækjendur geta nálgast eldri umsóknir sínar.

Stærsta verkefni safnaráðs á liðnu ári var málþing safnaráðs, Íslandsstofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga um söfn og ferðapjónustu sem haldið var í Safnahúsinu að Hverfisgötu 18. nóvember síðastliðinn. Þar var rætt um hlutverk og stöðu safna og tengdrar starfsemi í íslenskri ferðapjónustu, en Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra flutti ávarp í byrjun þings. Meðal framsögumanna voru Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðapjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu, Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitafélaga, ásamt fulltrúum úr íslenskri stjórnslu, fræða- og safnageiranum, markaðsstofum landshlutanna og Samtökum um söguferðapjónustu. Heppnaðist málþingið vel og var vel sótt, en um 100 manns sóttu þingið og mikill hugur var hjá aðstandendum málþingsins að halda áfram góðu samstarfi.

Er komið að tímamótum, en nýtt safnaráð tekur til starfa í janúar 2017 og er fráfarandi safnaráði þakkað kærlega samstarfið síðastliðin fjögur ár.

Með kveðju,  
Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs.

## 1. Staða og hlutverk safnaráðs

---

Safnaráð hefur eftirfarandi hlutverk samkvæmt 7. gr safnalaga nr. 141/2011:

- a. að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu,
- b. að vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er ráðherra til samþykktar,
- c. að fjalla um stofnskrár eða samþykktir safna og staðfesta þær,
- d. fjalla um viðurkenningu safna og afturköllun viðurkenningar áður en tillögur þar að lútandi eru sendar ráðherra,
- e. að setja skilmála um húsnæði safna, þar á meðal staðla um aðgengi og öryggismál þeirra,
- f. að setja skilmála um staðla fyrir skráningarkerfi safna og viðurkenningu á skráningarkerfum,
- g. að veita viðkomandi höfuðsafni umsögn um erindi er varða ráðstöfun eða förgun safngripa,
- h. að leggja mat á þörf fagsviðs eða landsvæðis fyrir sérstakt ábyrgðarsafn og fjalla um tillögu þar að lútandi áður en höfuðsafn sendir hana ráðherra,
- i. að setja safnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
- j. að veita umsögn um styrkumsóknir úr safnasjóði,
- k. að sinna öðrum verkefnum á sviði safnamála samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

**Safnaráð var skipað í janúar 2013 og starfaði til 31. desember 2016.**

Formaður, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar:

dr. Ólafur Kvaran, listfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands.

Varaformaður, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar:

Anna Sigríður Kristjánsdóttir, viðskiptafræðingur og starfsmaður Arion banka.

Fulltrúi skipaður af Sambandi íslenskra sveitarfélaga:

Sigríður Björk Jónsdóttir, byggingarlistasögufræðingur og framkvæmdastjóri Vistbyggðaráðs.

Fulltrúi tilnefndur af Félagi íslenskra safna og safnmanna:

Haraldur Þór Egilsson, sagnfræðingur og forstöðumaður Minjasafnsins á Akureyri.

Fulltrúi tilnefndur af Íslandsdeild ICOM, alþjóðaráðs safna:

Guðbrandur Benediktsson, safnafræðingur og safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur.

**Varamenn í safnaráði eru:**

Skipaðar af ráðherra án tilnefningar: Valborg Snævarr og Birta Guðjónsdóttir.

Tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Tilnefnd af Félagi íslenskra safna og safnmanna: Sigríður Melrós Ólafsdóttir.

Tilnefnd af Íslandsdeild ICOM, alþjóðaráðs safna: Ólöf K. Sigurðardóttir.

**Fulltrúar höfuðsafna eru:**

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður.

Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands.

Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands.

**Framkvæmdastjóri safnaráðs:**

Þóra Björk Ólafsdóttir, viðskipta- og safnafræðingur.

## 2. Starf ráðsins á árinu 2016

---

Safnaráð hélt alls 11 fundi á árinu. Allir fóru fram í fundarsal á 6. hæð í safnhúsi Þjóðminjasafns Íslands. Fundargerðir ráðsins eru aðgengilegar á vef þess [www.safnarad.is](http://www.safnarad.is). Hér má finna lista yfir fundi ráðsins árið 2016:

- 147. fundur safnaráðs – 26. janúar 2016
- 148. fundur safnaráðs – 23. febrúar 2016
- 149. fundur safnaráðs – úthlutunarfundur safnaráðs - 3. mars 2016
- 150. fundur safnaráðs – 12. apríl 2016
- 151. fundur safnaráðs – 12. maí 2016
- 152. fundur safnaráðs – 14. júní 2016
- 153. fundur safnaráðs – 30. ágúst 2016
- 154. fundur safnaráðs – 27. september 2016
- 155. fundur safnaráðs – 25. október 2016
- 156. fundur safnaráðs – 24. nóvember 2016
- 157. fundur safnaráðs – 19. desember 2016

### 2.1. Rekstur skrifstofu

---

Safnaráð rekur skrifstofu og sér framkvæmdastjóri safnaráðs um allt er lýtur að rekstri hennar, veitir innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um safnamál, sinnir vefsíðu, málþingum og útgáfum, undirbýr ákvarðanir og fundi og sinnir framkvæmd ákvarðana ráðsins. Nýtt verklag hvað varðar kostnaðargreiningu gjalda safnaráðs var tekið upp á árinu.

Skrifstofa safnaráðs er á 4. hæð í turni safnhúss Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu. Safnaráð leigir skrifstofuaðstöðu og þjónustu samkvæmt þjónustusamningi við Þjóðminjasafnið. Safnaráð mun flytja skrifstofur sínar í byrjun ársins 2017 í Lækjargötu 3, 101 Reykjavík.

### 2.2. Uppgjör safnasjóðs 2016

---

Í fjárlögum fyrir árið 2016 var safnasjóði úthlutað 126,5 milljónum króna sem er 2,8% aukning frá fyrra ári og einnig færðust 7.283.427 kr. frá árinu 2015. Samkvæmt rekstraráætlun var gert ráð fyrir 109 milljónum króna úthlutun úr safnasjóði og var aðalúthlutun 108,4 milljónir króna og síðari úthlutun, símenntunarstyrkir til viðurkenndra safna alls 4,6 milljónir króna. Endanleg úthlutun úr safnasjóði var því 113 milljónir króna. Eitt safn endurgreiddi styrk upp á eina og hálfa milljón og var staða úthlutunarsjóðsins því 111.511.125 kr.

Í rekstur safnaráðs var áætlaður kostnaður 21,4 milljónir króna en endanlegur kostnaður var 18 milljónir króna og munar þar 3,3 milljónum króna. Innifalinn í rekstrarkostnaði er allur rekstur skrifstofu safnaráðs þar með talinn tölvubúnaður og hugbúnaður, launagreiðslur og launatengd gjöld vegna starfsmanns, nefndarlaun og ferðakostnaður vegna funda og starfsemi ráðsins, auglýsingakostnaður vegna safnasjóðs, kostnaður vegna málþinga/ráðstefna og útgáfu safnaráðs og

annar ófyrirséður kostnaður. Einnig er kostnaður vegna lögbundins hlutverks safnaráðs vegna eftirlits með viðurkenndum söfnum hluti af rekstrarkostnaði ráðsins.

Í launakostnað voru áætlaðar 11,8 milljónir króna, en rúmar 10,2 milljónir króna fóru í þann lið, helsta ástæða fyrir lægri launakostnaði er að gjöld sem eru í raun launagjöld eru bókuð á annan lykil í bókhaldi, auk þess sem ótekið orlof færðist á milli stofnanna. Í annan rekstur voru áætlaðar rúmar 9,6 milljónir króna en í annan rekstur fóru 6,3 milljónir króna. Nokkrir stórir útgjaldaliðir voru lægri en áætlað var, þar á meðal eftirlit safnaráðs og vinna við vefsíðu, en þeir liðir koma til útgjalda árið 2017.

SAFNASJÓÐUR - 2016		
	Heimild	Greitt
Fjárlög	126.500.000	
Flutt frá fyrra ári	7.283.427	
Rekstur – viðfang 02-918-11010:		
Greidd laun, fæðispeningar, akstur (úr launakerfi)		10.241.102
Annar rekstur		6.424.182
Þjónustusamningur við Þjóðminjasafnið fyrir árið 2015		1.396.000
<b>Samtals rekstur:</b>		<b>18.061.284</b>
Styrkir til safna – viðfang 02-918-11000:		
Ýmis söfn, greiddir styrkir		106.628.000
Ógreiddir styrkir, skv. úthlutun, bókaðir 31.12.2016		6.383.125
Endurgreiddur styrkur frá 2015		-1.500.000
<b>Samtals styrkir:</b>		<b>111.511.125</b>
Samtals heimild 2016	<b>133.783.427</b>	
Samtals greitt og bókað 31. desember 2016		<b>129.572.409</b>
<b>Eftirstöðvar:</b>		<b>4.211.018</b>

### 2.3. Vefsíða safnaráðs

---

[Vefsíða ráðsins](#) er uppfærð reglulega og á henni birtast allar fréttatilkynningar, auglýsingar og fundargerðir sem ráðið sendir frá sér. Vefsíðan er upplýsingaveita um starfsemi ráðsins og þar er einnig að finna umsóknareyðublöð, sniðmát, skilmála og reglur sem snúa að umsóknum til ráðsins.

Safnaráð ákvað á árinu að gera nýja heimasíðu fyrir safnaráð í þeim tilgangi að gera vefinn aðgengilegri og að lækka kostnað við rekstur hans. Brúarsmiðjan var fengin sem ráðgjafi fyrir heimasíðuna og með henni er Jón Ingi Stefánsson vefhönnuður að vinna að útliti og að vefurinn verði notendavænn. Einnig var samþykkt á árinu að framkvæmdarstjóri myndi kanna hvernig hægt sé að styðja við fræðsluhluta eftirlitsins með auknum upplýsingum á vefsíðu ráðsins. Í desember var vinna við vefinn hafin að fullum þunga. Áætlað er að vefsíðan opni í maí 2017.

### 2.4. Umsóknavefur safnaráðs

---

Vefsíða og eyðublöð safnaráðs eru í stöðugri þróun, til að bæta aðgengi og öryggi. Nýr umsóknavefur, FocalForms frá Nýherja, var tekinn til notkunar 2016, <https://safnarad.eydublod.is/Forms>. Þetta er rafrænt umsóknakerfi og til að gæta fyllsta öryggis skrá umsækjendur sig inn með svokölluðum Íslykli eða með rafrænum skilríkjum. Þessi aðgangur uppfyllir öryggisskilmála og umsjón með honum er í höndum þjóðskrár. Þær umsóknir og skil sem fara í gegnum umsóknavefinn eru:

- Umsóknir í safnasjóð
  - Umsóknir um verkefnastyrki
  - Umsóknir um rekstrarstyrki
  - Umsóknir viðurkenndra safna um símenntunarstyrki
- Árleg skýrsla safna
- Skýrslur um nýtingu styrkja

Jafnvel verður fleiri skýrslum skilað í gegnum þetta kerfi er fram líða stundir. Kerfið er einfalt og er sá möguleiki fyrir hendi að umsækjendur geti vistað umsóknir sínar og verið með fleiri en eina umsókn í vinnslu í einu auk þess sem umsækjendur geta fundið fyrri umsóknir sínar. Það auðveldar umsækjendum yfirlestur umsókna og samræmingu. Hefur kerfið reynst vel og lækkað kostnað verulega en þó verða gerðar ákveðnar lagfæringar fyrir næsta ár.

## 3. Eftirlitshlutverk safnaráðs

---

Eitt megin hlutverk safnaráðs samkvæmt safnalögum er að hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum sem starfa eftir skilmálum safnaráðs um starfsemi viðurkenndra safna.

Samkvæmt samþykkt safnaráðs er eftirlit þess með viðurkenndum söfnum þríþætt:

- a) Eftirlit með rekstri safns. Með yfirferð yfir árlega skýrslu safna til safnaráðs.
- b) Eftirlit með húsakosti safnsins, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum. Með eftirlitseyðublöðum safna og úttekt forvarða á staðnum.
- c) Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti, sýningum. Með úttekt sérfræðinga á staðnum og á gögnum eftir þörfum.

Eftirlit sem er tiltekið í lið b, eftirlit með húsakosti safnsins, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum var ýtt úr vör á árinu 2016. Safnaráð samþykkti í janúar 2016 tillögu um verklag við framkvæmd b-liðar eftirlitsins. Það verklag var þróað í náinni samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands sem

hefur haft faglega stjórn á verkefninu. Nathalie Jaqueminet varðveislustjóri safnsins hefur að mestu komið að þessari vinnu fyrir hönd Þjóðminjasafnsins. Í eftirlitsnefnd safnaráðs eru auk Nathalie forverðirnir Ingibjörg Áskelsdóttir, Karen Þóra Sigurkarlsdóttir, Kristín Gísladóttir og Þórdís Baldursdóttir.

Eftirlitinu er sinnt á þann veg að söfn skila til safnaráðs eftirlitseyðublöðum sem eftirlitsnefndin undir stjórn Þjóðminjasafnsins hefur unnið. Eftirlitsnefndin fer yfir eyðublöðin og sendir í kjölfarið athugasemdaskýrslu til safnaráðs sem söfn eiga að vinna úrbætur eftir. Hefur þetta verklag reynst vel, söfn eru almennt jákvæð vegna þessara breytinga og nýtast eyðublöðin einnig sem gátlisti fyrir söfnin. Þrettán söfn hafa þegar skilað inn eyðublöðum í tveimur hollum. Eru þetta eftirfarandi söfn:

- Byggðasafn Árnesinga
- Byggðasafn Reykjanesbæjar
- Hönnunarsafn Íslands
- Listasafn Árnesinga
- Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn
- Listasafn Reykjanesbæjar
- Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna
- Byggðasafn Skagfirðinga
- Hvalasafnið á Húsavík
- Iðnaðarsafnið Akureyri
- Menningarmiðstöð Þingeyinga
- Minjasafnið á Akureyri
- Síldarminjasafn Íslands

Eins og áður sagði var þetta verkefni unnið í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands og verður því samstarfi haldið áfram. Í janúar 2017 verður haldinn matsfundur ÞJMS og safnaráðs á verkferli eftirlitsins til tryggja að allt gangi að óskum. Söfn sem eru undir eftirliti fá athugasemdaskýrslu frá safnaráði í mars og apríl á næsta ári þar sem tillögur að úrbótum koma fram auk tímaramma sem æskilegt er að söfnin vinni eftir. Síðan heimsækir aðili úr eftirlitsnefndinni safnið ef þörf krefur innan tveggja ára frá skilum athugasemdaskýrslu.

Árið 2017 fá 9-16 söfn tilkynningu um eftirlit (3. holl). Handbók um varðveislu safnkosts verður sett í rafbókarsnið, en safnaráð samþykkti það í apríl.

Samkvæmt safnalögum ber söfnum að skila árlega skýrslu um starf sitt til safnaráðs og er það hluti af a-lið eftirliti safnaráðs. Árlegri skýrslu safna er nú skilað í gegnum umsóknakerfi safnaráðs og var skilafrestur árið 2016 fyrir árlega skýrslu safnaráðs vegna rekstrarársins að þessu sinni í nóvember 2016. Frest á skilum má skýra með upptöku nýs umsóknavefjar, en vinna við forritum skýrslublaða tók lengri tíma en áætlað var. Gögn sem safnað er með þessum hætti nýtast ráðinu bæði við eftirlit með starfi viðurkenndra safna og til að fá yfirsýn yfir safnastarf í landinu. Greining á gögnunum birtist í viðauka með þessari skýrslu.

Sá hluti eftirlitsins sem tekur á skráningu safngripa (c-liður) er ekki kominn af stað, en verður unnið að verklagi við þann hluta eftirlitsins árið 2017.



## 4. Stofnskrár

---

Safnaráð tekur við stofnskrám til staðfestingar frá söfnum sem sækjast eftir viðurkenningu samkvæmt safnalögum og eins ber viðurkenndum söfnum að senda stofnskrár sínar til samþykktar verði gerðar á þeim breytingar. Engin stofnskrá var staðfest á árinu 2016.

Samkvæmt safnalögum ber að birta staðfestar stofnskrár viðurkenndra safna í B-deild Stjórnartíðinda og bíða nokkrar stofnskrár birtingar.

## 5. Viðurkenning safna

---

Á árinu 2013 undirbjó safnaráð skilmála fyrir viðurkenningu safna samkvæmt 10. gr. safnalaga. Auglýst er árlega eftir umsóknum um viðurkenningu og var umsóknarfrestur 2016 til 31. ágúst 2016.

Árið 2016 sóttu þrjú söfn eða setur um viðurkenningu, en eitt safn dró umsókn sína til baka. Á grundvelli tillögu frá 155. fundi safnaráðs ákvað mennta- og menningarmálaráðherra að hafna einni umsókn og að veita einu safni, Sjóminjasafni Austurlands, viðurkenningu án skilyrða.

Í árslok 2016 voru því viðurkennd söfn 46.

Í samræmi við 9. gr. safnalaga fá viðurkennd söfn að nota einkennismerki safnaráðs sem er byggt á merki safnaráðs. Einar Gylfason hannaði merkið. Viðurkenndum söfnum er heimilt að nota merkið í kynningu á starfsemi sinni.



## 6. Úthlutanir úr safnasjóði

---

### 6.1. Aðalúthlutun ársins 2016 úr safnasjóði

---

Úthlutunarfundur safnaráðs var haldinn 3. mars 2016, þar var tillaga að úthlutun styrkja úr safnasjóði árið 2016 samþykkt og send mennta- og menningarmálaráðherra til endanlegrar ákvörðunar. Við gerð tillögunnar var samkvæmt auglýsingu farið eftir úthlutunarreglum safnasjóðs frá 18.09.2013 og safnalögum nr. 141/2011.

Alls bárust að þessu sinni umsóknir um styrki í samtals 152 verkefni. Að fenginni umsögn safnaráðs úthlutaði mennta- og menningarmálaráðherra alls 108,4 milljónum króna þann 22. apríl. Af þeirri upphæð var 78,8 milljónum úthlutað til 93 einstakra verkefna en tæpar 30 milljónir fóru í rekstrarstyrki til viðurkenndra safna um land allt. Verkefnastyrkir voru frá frá 140.000 kr. upp í 2,9 millj. kr. Úthlutun úr safnasjóði árið 2015 var kynnt á 151. fundi safnaráðs í maí.

## 6.2. Ný úthlutun úr safnasjóð – símenntunarstyrkir til viðurkenndra safna

---

Í september samþykkti mennta- og menningarmálaráðuneytið tillögu safnaráðs um að minni úthlutun úr safnasjóði verði framvegis að hausti til viðurkenndra safna, sem yrði fyrst um sinn ætluð til símenntunarstyrkja til eflingar faglegu starfi safnanna. Heildarupphæð úthlutunar og heildarfjöldi styrkja verður eftir aðstæðum hverju sinni. Í þessari seinni úthlutun yrði umsóknarferlið styttra en aðalúthlutun ársins til að úthlutun náist fyrir árslok. Umsóknafræstur þessarar úthlutunar var í nóvember og fékk ráðuneytið tillögu safnaráðs. Í desember úthlutaði mennta- og menningarmálaráðherra símenntunarstyrkjum úr safnasjóði, alls 4.603.125 kr. til viðurkenndra safna. Alls fékk að þessu sinni 21 viðurkennt safn símenntunarstyrk, frá 100.000 kr. til 250.000 kr. hvert.

## 7. Nýjar úthlutunarreglur og nýjar verklagsreglur

---

Nýjar úthlutunarreglur vegna safnasjóðs voru samþykktar af mennta- og menningarmálaráðherra 1. júní 2016, en þær voru unnar 2014-2015 af safnaráði í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og sendar til ráðuneytis í september 2015. Auglýst var eftir nýju reglum haustið 2016 vegna úthlutunar úr safnasjóði 2016. Helstu breytingar sem fylgja þessum nýju reglum snúa að úthlutun rekstrarstyrkja. Venjan áður var að sama upphæð var veitt til viðurkenndra safna sem sóttu um rekstrarstyrk, en nú verður úthlutun byggð á mati á umsóknum, líkara umsóknarferli á verkefnastyrkjum. Ekki verður sjálfkrafa gerð tillaga um rekstrarstyrk til allra umsækjenda sem uppfylla skilyrði laga um viðurkennd söfn heldur munu upphæðir og fjöldi styrkja ráðast af ráðstöfunarfé sjóðsins og fjölda og gæðum umsókna. Sem áður verður að hámarki veittur einn rekstrarstyrkur á safn, en ekki er hámark á fjölda verkefnastyrkja, og verður hvorki sett lágmark né hámark á tillögum um upphæð rekstrarstyrkja. Heimild er til að gera samning um rekstrarstyrki til lengri tíma en eins árs.

Viðurkennd söfn geta sótt um rekstrarstyrki til þess að:

1. Efla faglega starfsemi safns og treysta rekstur þess,
2. styrkja nýsköpun í rekstri og starfsemi safna,
3. styrkja rekstur safna sem sameinast hafa öðrum menningarstofnunum,
4. treysta samstarf safna við félagasamtök, stofnanir og aðra aðila um varðveislu og miðlun menningararfs í gegnum samninga.

Í umsóknarferli fyrir úthlutun úr safnasjóði 2017 sóttu viðurkennd söfn því sérstaklega um rekstrarstyrki með nýju sniði og verður skerpt á því verklagi fyrir næstu úthlutun.

Verklagsreglur voru einnig endurskoðaðar í kjölfar nýrra úthlutunarreglna og þar var helst skerpt á einkunnamati umsókna, nú þurfa umsóknir að ná lágmarkseinkunn matsnefndar til að teljast styrkhæfar. Árið 2017 er áætlað að bæta við verklagsreglurnar með tilliti til nýrrar úthlutunar símenntunarstyrkja viðurkenndra safna.

## 8. Rannsóknir og málþing safnaráðs

---

### 8.1. Málþing um söfn og ferðapjónustu

---

Stærsta einstaka verkefni safnaráðs árið 2016 var málþing um söfn og ferðapjónustu sem var haldið í Safnahúsinu við Hverfisgötu þann 18. nóvember 2016. Málþingið var haldið í samstarfi við Íslandsstofu og Samband íslenskra sveitafélaga og var þingið jafnframt styrkt af Þjóðminjasafni Íslands. Undirbúningur var í gangi allt árið með undirbúningshóp sem í sátu, ásamt Þóru Björk Ólafsdóttur framkvæmdastjóra safnaráðs, þau Sif Jóhannesdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, Kristjana Rós Guðjohnsen, verkefnastjóri á sviði ferðapjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu og Magnús Karel Magnússon, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Gekk málþingið einkar vel og voru skipuleggjendur og fyrirlesarar ánægðir með afraksturinn. Tæplega 100 manns mættu á málþingið og er mikill hugur hjá aðstandendum málþingsins að halda áfram góðu samstarfi. Málþinginu var streymt og má finna upptöku af útsendingunni á vef safnaráðs.

Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs, setti þingið og Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra flutti ávarp í byrjun þings. Meðal framsögumanna voru Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðapjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu, Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitafélaga, ásamt fulltrúum úr íslenskri stjórnslu, fræða- og safnageiranum, markaðsstofum landshlutanna og Samtökum um söguferðapjónustu.

Í erindum framsögumanna kom fram að umfang safnageirans á Íslandi hefur aukist mikið á síðustu árum og margir fundarmanna létu í ljós þá skoðun sína að þeir hefðu í störfum sínum skynjað gríðarlegan áhuga erlendra ferðamanna á íslenskum menningararfi. Þar gegndu söfnin vítt og breitt um landið lykilhlutverki enda hafi kannanir meðal erlendra ferðamanna leitt í ljós mikinn áhuga á íslenskri menningu og sögu og að heimsókn á söfn væri liður í ferð margra ferðamanna til Íslands. Þetta undirstrikaði mikilvægi þess að efla samspil safna og ferðapjónustu og létu fundarmenn í ljós ánægju með málþingið sem vettvang fyrir slíkt samspil. Fjárskortur og undirmönnun væri þó vandamál sem mörg söfn glímdu við en aukinn áhugi erlendra ferðamanna á heimsóknum á söfn byði upp á nýja tekjumöguleika og ný sóknarfæri.

Útsendingu frá málþinginu má sjá á eftirfarandi vefslóð:

[www.youtube.com/watch?v=Pi17deUCMg8](http://www.youtube.com/watch?v=Pi17deUCMg8)

Ritari málþingsins var Sigurlaug Dagsdóttir þjóðfræðingur, meistaranemi í safnafræðum og stundakennari við Háskóla Íslands og vann hún einnig að ritun skýrslu um málþingið.

Árið 2017 verður málstofa um þetta efni í samstarfi við Rannsóknasetur í safnafræðum og verður samstarfi við Íslandsstofu haldið áfram. Safnaráð sendi Íslandsstofu tillögu þess efnis að framkvæmdastjóri safnaráðs tæki sæti í fagráði lista og skapandi greina hjá Íslandsstofu og er beðið svars við þeirri beiðni. Skýrslan kemur út á fyrstu mánuðum ársins.

## 9. Önnur mál

---

### **Samstarf við Hagstofu vegna söfnunar á hagtölum um söfn**

Safnaráð óskaði eftir samstarfi við Hagstofu Íslands vegna gagnasöfnunar um málefni safna í þeim tilgangi til að bæta nothæfi þeirra gagna sem Hagstofan safnar gagnvart hagsmunaaðilum. Fékk safnaráð afhent gleggri gögn um þær hagtölur sem Hagstofan safnar um viðurkennd söfn og söfn í ríkiseigu.

### **Handbók um varðveislu safnkosts í rafbók**

Safnaráð samþykkti að standa straum af kostnaði á því að handbók um varðveislu safnkosts verði gefin út sem rafbók til að auðvelda safnmönnum notkun á efninu og leit í bókinni. Kostnaður við verkefnið eru kaup á forriti til verksins auk kostnaðar við umbrot og mun sá kostnaður vera tekinn af því fé sem er áætlað í eftirlit safnaráðs. Safnaráð samþykkir að kaupa forritið og leita tilboða á umbroti fyrir bókina. Fresta varð þessu verkefni til 2017 vegna anna við eftirlit.

### **Flutningur skrifstofu safnaráðs**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti samþykkti heimild fyrir flutningi skrifstofu ráðsins og að ganga megi til samninga við leiguaðila. Skrifstofa safnaráðs mun flytja í Gimli Lækjargötu 3, þar sem Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og Listahátíð í Reykjavík eru til húsa.

## A. Viðauki A – úthlutanir úr safnasjóði 2016

### a) Aðalúthlutun úr safnasjóði 2016

Styrkþegi	Verkefnaheiti	Verkefna- styrkur	Rekstrar- styrkur
Birta Guðjónsdóttir	Joan Jonas – Undir jökli.	800.000	
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Mygla á safni – hvað er til ráða?	750.000	
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Rannsókn á safnkosti – Karólína Guðmundsdóttir.	900.000	
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Sögulegir garðar og torg á Árbæjarsafni.	800.000	
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Úrval sigurvegara Hasselblad verðlaunanna. Sýning.	1.000.000	
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Viðtöl í nýrri sjóminjasýningu.	1.400.000	
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Það er nú önnur saga – Rannsókn í Hull og Reykjavík meðal þátttakenda í Þorskastríðunum. Ólík upplifun, áhrif og söguskilningur.	900.000	
Borgarsögusafn Reykjavíkur			1.600.000
Byggðasafn Árnesinga	Andi staðarins – Anersaaq – Spirits of place.	400.000	
Byggðasafn Árnesinga	Samtímasöfnun – Norsam – Nýtt samvinnuverkefni, vefsíðugerð og ráðstefna í Finnlandi.	500.000	
Byggðasafn Árnesinga	Varðveisla safngripa.	450.000	
Byggðasafn Árnesinga			800.000
Byggðasafn Dalamanna	Skráning í Sarp.	300.000	
Byggðasafn Dalamanna	Varðveisla safnkosts.	250.000	
Byggðasafn Dalamanna			800.000
Byggðasafn Garðskaga	Sarpur.	450.000	
Byggðasafn Garðskaga			800.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Minjaskilti – söguskilti.	350.000	
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Þemasýningin „Saga Góðtemplarana og áhrif þeirra í Hafnarfirði“ (vinnuheiti).	800.000	
Byggðasafn Hafnarfjarðar			800.000
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Þar sem firðir og jöklar mætast – Grænlandsvöl Rannveigar H. Líndal 1921 til 1923.	1.500.000	
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna			800.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Myndataka af munum fyrir Sarp.	1.000.000	

Styrkþegi	Verkefnaheiti	Verkefna- styrkur	Rekstrar- styrkur
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Rannsókn um brunann í Skildi.	300.000	
Byggðasafn Reykjanesbæjar			800.000
Byggðasafn Skagfirðinga	Ljósmyndun safnmuna og ljósmyndaskráning í Sarp.	1.000.000	
Byggðasafn Skagfirðinga	Þrifnaðarhættir í torfbæjum. Rit Byggðasafns Skagfirðinga 2.	500.000	
Byggðasafn Skagfirðinga			800.000
Byggðasafn Vestfjarða	Neðstikaupstaður og gamla húsaþyrpingin þar.	780.000	
Byggðasafn Vestfjarða	Rafrænn safnvísir (framhaldsstyrkur).	1.100.000	
Byggðasafn Vestfjarða	Samstarf Vélsmiðju GJS við LHÍ um kennslu námskeiða í járnvinnslu.	408.000	
Byggðasafn Vestfjarða			800.000
Byggðasafnið Hvoll	Byggðakort	300.000	
Byggðasafnið Hvoll	Spor kvenna og lítið kver.	350.000	
Byggðasafnið Hvoll	Textagerð í Bakkabræðrasetri.	300.000	
Byggðasafnið Hvoll			800.000
Byggðasafnið í Görðum, Akranesi	Sýningin Steinaríki Íslands.	1.700.000	
Byggðasafnið í Görðum, Akranesi			800.000
Byggðasafnið í Skógum	Forvarsla textíla á sýningu..	750.000	
Byggðasafnið í Skógum	Fyrirbyggjandi forvarsla í Skógasafni 2016	900.000	
Byggðasafnið í Skógum			800.000
Félag Íslenskra safna og safnmanna	Alþjóðlegi safnadagurinn á Íslandi 2016.	700.000	
Félag Íslenskra safna og safnmanna	Creative Museum starfshópur. Evrópskt samstarfsverkefni um tengsl safna og skapandi greina.	800.000	
Félag Íslenskra safna og safnmanna	Farskóli safnmanna 2016.	1.500.000	
Flugsafn Íslands	Flugsagan í formi margmiðlunar.	500.000	
Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs	Sameiginlegt kynningarátak og styrking mannauðs Hafnarborgar, Hönnunarsafns og Gerðarsafns	900.000	
Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs	Skráð fyrir opnum dyrum: Átaksverkefni í Sarpi í nýju safneignarrými Gerðarsafns.	1.400.000	
Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs	Stúdíó Gerðar – framhaldsstyrkur.	850.000	

Styrkþegi	Verkefnaheiti	Verkefna- styrkur	Rekstrar- styrkur
Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs			800.000
Grasagarður Reykjavíkur	Greining á gestafjölda Grasagarðs Reykjavíkur 2016-2017.	1.200.000	
Grasagarður Reykjavíkur			800.000
Hafnarborg	Egill Sæbjörnsson, sýning í Hafnarborg.	1.000.000	
Hafnarborg	Guðjón Samúelsson, undirbúningur sýningar, myndaritstjórn.	1.400.000	
Hafnarborg			800.000
Heimilisiðnaðarsafnið	Styrkjandi forvarsla.	500.000	
Heimilisiðnaðarsafnið	Varðveisla safnmuna.	400.000	
Heimilisiðnaðarsafnið			800.000
Hvalasafnið á Húsavík	Endurhönnun upplýsingabæklings.	800.000	
Hvalasafnið á Húsavík	Hönnun og uppsetning á sýningu um hvalreka.	1.400.000	
Hönnunarsafn Íslands	Átaksverkefni í skráningu.	600.000	
Hönnunarsafn Íslands	HönnunarMars í Hönnunarsafni.	1.400.000	
Hönnunarsafn Íslands	Samvinna íslensks hluta norrænnar farandsýningarinnar.	600.000	
Iðnaðarsafnið Akureyri	Skrá í Sarp.	800.000	
Iðnaðarsafnið Akureyri	Skömm eru skólýti.	350.000	
Iðnaðarsafnið Akureyri			800.000
Íris Ólöf Sigurjónsdóttir f.h. Byggðasafnsins Hvals	Þýðing á sýningartextum Friðlands fuglanna.	500.000	
Íslandsdeild ICOM	Safnaverðlaunin 2016.	1.500.000	
Landbúnaðarsafn Íslands	Bítur ljár í skára.	480.000	
Landbúnaðarsafn Íslands			800.000
Landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi	Blái skjöldurinn – Pilotverkefni: Uppbygging á viðbragðsáætlun við vá í Norðurþingi, gerð fræðsluefnis og miðlun á vefsíðu LBSÍ.	400.000	
Listasafn ASÍ	Varðveisla og forvarsla safngripa.	800.000	
Listasafn ASÍ			800.000
Listasafn Árnesinga	NAUTN (samstarfssýning Listasafnsins á Akureyri og Listasafns Árnesinga).	800.000	
Listasafn Árnesinga	Tveggja tíma sýn – Karl Kvaran og Erla Þórarinsdóttir (vinnuheiti).	700.000	
Listasafn Árnesinga			800.000
Listasafn Reykjanesbæjar	Framtíðarminni – Listsýning.	800.000	

Styrkþegi	Verkefnaheiti	Verkefna- styrkur	Rekstrar- styrkur
Listasafn Reykjanesbæjar			800.000
Listasafn Reykjavíkur	Ásmundur Sveinsson – forvarsla, skráning og ljósmyndun.	1.000.000	
Listasafn Reykjavíkur	RÍKI – flokkunarkerfi náttúrunnar í myndlist (flóra, fána, fabúla).	1.800.000	
Listasafn Reykjavíkur	Þriðja aldurs skeiðið: Aðgengi og þátttaka.	1.000.000	
Listasafn Reykjavíkur			800.000
Listasafnið á Akureyri			800.000
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Bætt umhirða báta.	1.200.000	
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Leitir, þjóðfræðilegt rannsóknarverkefni.	300.000	
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Umhirðudagbók fyrir Snartarstaði.	500.000	
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Þjóðtrú, þjóðsagnir og íslenskt mál í leiðsögnum.	700.000	
Menningarmiðstöð Þingeyinga			800.000
Minjasafn Austurlands	Ný og endurbætt heimasíða.	350.000	
Minjasafn Austurlands	Safnfræðsla.	900.000	
Minjasafn Austurlands			800.000
Minjasafn Egils Ólafssonar	Átak í skráningarmálum.	800.000	
Minjasafn Egils Ólafssonar			800.000
Minjasafnið á Akureyri	Fjár sjóður í myndum.	1.500.000	
Minjasafnið á Akureyri	Tónlistarlíf í Eyjafirði.	1.700.000	
Minjasafnið á Akureyri			800.000
Minjasafnið á Bustarfelli	Merking safngripa Minjasafnsins á Bustarfelli.	800.000	
Minjasafnið á Bustarfelli	Ný sýning sett upp í viðgerðum skemmum torfhúsanna.	400.000	
Minjasafnið á Bustarfelli	Nýjar sýningar á loftum yfir skemmum.	300.000	
Minjasafnið á Bustarfelli			800.000
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Margmiðlunarvæðing náttúrusýningar.	2.900.000	
Náttúrufræðistofa Kópavogs			800.000
NKF-ÍS Félag norrænna forvarða-Ísland	Námskeið í fyrirbyggjandi forvörslu og varðveislu plastefna fyrir safnafólk.	600.000	
NKF-ÍS Félag norrænna forvarða-Ísland	Undirbúningur ráðstefnu NKF – Menningararfur og hamfarir.	400.000	
Norska húsið – Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Aton húsgögn.	500.000	
Norska húsið – Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Skotthúfan 2016.	600.000	




Styrkþegi	Verkefnaheiti	Verkefna- styrkur	Rekstrar- styrkur
Norska húsið – Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla			800.000
Nýlistasafnið	Frumkvæði listamanna, útgáfa.	700.000	
Nýlistasafnið	Rolling Line, verk Ólafs Lárussonar, sýning.	1.100.000	
Safnahús Borgarfjarðar – Byggðasafn Borgarfjarðar	Hlúð að safnkosti náttúrugripasafns.	800.000	
Safnahús Borgarfjarðar – Byggðasafn Borgarfjarðar	Skyttunar.	800.000	
Safnahús Borgarfjarðar – Byggðasafn Borgarfjarðar			800.000
Safnarútan sfl.	Safnblaðið Kvistur.	1.500.000	
Safnasafnið			800.000
Sagnheimar, byggðasafn	Inn að kviku; mannlíf og gos.	250.000	
Sagnheimar, byggðasafn			800.000
Samband Íslenskra sjóminjasafna	Mat á varðveislugildi fornbáta og -skipa.	2.900.000	
Sauðfjársetur á Ströndum	Endurnýjun á fastasýningu: Hönnun og uppsetning.	1.300.000	
Sauðfjársetur á Ströndum	Náttúrubarnaskólinn 2016.	1.200.000	
Sauðfjársetur á Ströndum			800.000
Síldarminjasafn Íslands	Áframhaldandi skráning í Sarp.	1.300.000	
Síldarminjasafn Íslands	Bátavernd og viðgerð gamalla trébáta – námskeið.	250.000	
Síldarminjasafn Íslands	Markaðsáttak.	300.000	
Síldarminjasafn Íslands	Þróun safnkennslu á Síldarminjasafninu	900.000	
Tækniminjasafn Austurlands	Rannsókn á ljósmyndavél Eyjólfssonar og sýning á myndum teknar á hana í nútímanum.	140.000	
Tækniminjasafn Austurlands	Sýningar um innreið tölvualdar og netvæðing íslensks samfélags.	1.500.000	
Tækniminjasafn Austurlands			800.000
Veiðisafnið	Nýtt skráningarkerfi og merking sýningarmuna salur 1 og 2.	800.000	
Veiðisafnið			800.000
Þórdís Anna Baldursdóttir	Forvarsla þrjónaðra textíla á söfnum.	800.000	
		<b>78.808.000</b>	<b>29.600.000</b>
	<b>HEILDARÚTHLUTUN</b>		<b>108.408.000</b>

b) Úthlutun símenntunarstyrkja til viðurkenndra safna árið 2016

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Styrkveiting
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Norræn útisöfn.	250.000
Byggðasafn Árnesinga	Samtímasöfnun – ComCol ráðstefna.	150.000
Byggðasafn Borgarfjarðar	Kynningarferð um starfsemi minni menningarhúsa.	210.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Símenntunarferð til Berlínar.	100.000
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Menning og saga.	208.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	MuseumNext ráðstefna í Rotterdam 26.-28. júní 2017 (Global Conferences on The Future of Museums).	227.150
Byggðasafn Vestfjarða	Skráning og rannsóknir.	250.000
Byggðasafnið Görðum Akranesi	Náms og kynnisferð á söfn á Akureyri, Siglufirði og N-Írlandi.	250.000
Byggðasafnið Hvoll	Skoðun safna og sýninga í Marrokkó, Frakklandi, Ítalíu og Danmörku.	250.000
Grasagarður Reykjavíkur	Fræðsluferð garðyrkjufraeðinga til Gautaborgar.	250.000
Hafnarborg	WordPress fyrir starfsmann í kynningarmálum.	200.000
Heimilisiðnaðarsafnið	Fundar- og ferðastyrkur.	250.000
Hvalasafnið á Húsavík	Námsheimsókn til New Bedford.	250.000
Hönnunarsafn Íslands	Starfsmannaskipti – skráning og varðveisla.	161.925
Listasafn Kópavogs -	Fræðsluferð til London.	250.000
Listasafn Reykjavíkur	Náms- og kynnisferð starfsmann Listasafns Reykjavíkur til Chicago 2017.	250.000
Minjasafn Egils Ólafssonar	Námskeið.	250.000
Minjasafnið á Akureyri	Samráðsfundur ljósmyndasafna og starfsmannaskipti.	221.050
Nýlistasafnið	Flotilla Ráðstefna listamannarekinna rýma í Kanada.	250.000
Síldarminjasafn Íslands	Námsferð.	250.000
Tækniminjasafn Austurlands	Kynnisferð.	125.000
	<b>SAMTALS</b>	<b>4.603.125</b>

### c) Fjárveitingar til safnasjóðs 2002-2016

Safnasjóður var stofnaður með safnalögum árið 2001 og var fyrst úthlutað úr sjóðnum árið 2002. Sjóðurinn er á fjárlögum og hefur ekki aðrar tekjur.




Mynd 1

Safnasjóður veitir bæði rekstrar- og verkefnastyrki. Rekstrarstyrkur til viðurkenndra safna árið 2016 var ákveðinn 800.000 kr. á hvert safn sem metið hefur verið rekstrarstyrkhæft, en þau söfn sem eru í ríkiseigu fá rekstrarstyrk á fjárlögum eða framlag á fjárlögum geta ekki sótt um rekstrarstyrk í safnasjóð. Að þessu sinni var rekstrarstyrkjum úthlutað til 36 safna og 93 verkefni voru styrkt. Verkefnastyrkir voru 78,8 millj. kr. en rekstrarstyrkir 29,4 millj. kr.

Árið 2016 var þriðja árið sem úthlutað var eftir nýjum safnalögum nr. 141/2011. Eingöngu þau söfn sem hlotið hafa formlega viðurkenningu samkvæmt lögunum geta nú fengið úthlutað rekstrarstyrkjum úr safnasjóði. Þau söfn sem áttu rétt á að sækja um styrki úr safnasjóði á árinu 2016 voru 45, en líkt og fyrri ár var kveðið á um það í auglýsingu að söfn sem hljóta rekstrarstyrk á fjárlögum hljóta ekki rekstrarstyrk úr safnasjóði sama ár en geta sótt um verkefnastyrki. Þetta ákvæði náði til fimm safna að þessu sinni en þrjú viðurkennd söfn af 45 sóttu ekki um styrki af neinu tagi úr safnasjóði


Viðurkennd söfn sem njóta styrkja úr safnasjóði má flokka sem menningarminjasöfn (þá ýmist almenn byggðasöfn eða sérsöfn af einhverju tagi), listasöfn eða náttúruminjasöfn. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir skiptingu styrkja milli ólíkra gerða safna á árinu 2016. Fjögur viðurkennd söfn sóttu ekki um styrki á árinu 2016, en 42 viðurkennd söfn fengu úthlutað úr safnasjóði af einhverju tagi.

Auk viðurkenndra safna fengu níu aðilar sem ekki teljast til safna úthlutað 12 verkefnastyrkjum úr sjóðnum en safnalög nr. 141/2011 heimila slíka úthlutun.




Mynd 2

Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins leggur safnaráð faglegt mat á gæði verkefna og metur styrkhæfi umsókna með tilliti til verkefna og gildis þeirra fyrir safnastarf almennt og gerir tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um upphæð styrkja. Ekki er sjálfkrafa úthlutað til allra verkefna sem standast lágmarksviðmið safnaráðs heldur ráðast upphæðir og fjöldi styrkja af fjölda og gæðum umsókna. Af þessu leiðir að sumir umsækjendur fengu ekki verkefnastyrk úr sjóðnum að þessu sinni, en veittir voru styrkir til 93 verkefna, en sótt var um 152 verkefnastyrki.



Mynd 3

Eins og sjá má á mynd 3 er heildarúthlutun úr safnasjóði í mjög jöfnu hlutfalli við fjölda safna í hverjum flokki fyrir sig. Þarna er átt við prósentuhlutfall safna sem eru í hverjum flokki fyrir sig og prósentuhlutfall upphæðar úthlutunar til safna í hverjum flokki.



Mynd 4

Á mynd 4 má sjá þróun skiptingar úthlutunar úr safnasjóði milli verkefna- og rekstrarstyrkja frá upphafi, eða frá 2002. Þar sjást vel áherslubreytingar í úthlutun sjóðsins, frá rekstrarstyrkjum yfir í verkefnastyrki. Samkvæmt núverandi safnalögum má allt að 40 % af ráðstöfunarfé sjóðsins vera nýtt til rekstrarstyrkja, frá árinu 2012 hefur hlutfall rekstrarstyrkja farið lækkandi, frá rúmum 40% í 26% árið 2016.

## B. Viðauki B – upplýsingar um rekstur safna og faglegt starf viðurkenndra safna á Íslandi 2015

Árleg skýrsla safna sem viðurkennd söfn skila safnaráði gefur upplýsingar um rekstrarárið á undan, því eru upplýsingar sem birtast hér frá rekstrarárinu 2015.

Frá árinu 2014 hafa viðurkennd söfn skilað árlegri skýrslu með upplýsingum um starfsemi sína til ráðsins og árið 2015 skiluðu höfuðsöfnin einnig þessum upplýsingum fyrir rekstrarárið 2014 og verður þeim upplýsingum einnig safnað fyrir rekstrarárið 2016.

Úr gögnunum má lesa upplýsingar um rekstur þeirra safna sem njóta styrkja úr sjóðnum og fá yfirlit yfir uppruna og ráðstöfun fjármagns í safnastarfi á landsvísu. Sömu leiðis má fá upplýsingar um gestafjölda, fjölda starfsmanna og stöðu skráningarmála úr þessum gögnum. Upplýsingar um fjárhag bárust frá 45 söfnum, viðurkennd söfn eru 46, en eitt safn fékk viðurkenningu eftir skilafrest á árlegri skýrslu ársins 2016, upplýsingarnar sem birtast í þessari skýrslu eiga því við 45 söfn.

### a) Eignarhald

Eitt safn er í ríkiseigu, 15 söfn eru sjálfseignarstofnanir en flest söfnin eru í eigu sveitarfélaga eða 29 talsins. Meðaltekjur sjálfseignastofnana eru 27,2 milljónir króna og meðaltekjur safna í eigu sveitarfélaga eru tæpar 80 milljónir króna.

Eignarhald	Tekjur	Fjöldi	Hlutfall heildartekna	Hlutfall fjölda
Ríkisstofnun	43.187.607	1	2%	2%
Sjálfseignarstofnun	408.682.685	15	15%	33%
Stofnun í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga	2.317.472.589	29	84%	64%
	<b>2.769.342.881</b>	45		

### b) Rekstrartekjur

Heildarrekstrartekjur 45 viðurkenndra safna árið 2015 voru tæpar 2,8 milljarðar, eða 2.769.342.881 kr.

Eigendur safna eða bakhjarlar safnanna láta söfnum í té 66% teknanna, aðgangseyrir og aðrar sértekjur eru 25% en ríkissjóður (ásamt safnasjóði) leggur til 5,5% heildartekna. Hluti af fé úr menningarsamningum/sóknaráætlunum kemur frá ríkissjóði og hluti frá sveitarfélögum.

## Heildartekjur 45 viðurkenndra safna 2015

Framlag eigenda – ef við á:	1.828.168.557	66,0%
Tekjur af aðgangseyri:	405.158.971	14,6%
Aðrar sértekjur:	284.731.102	10,3%
Styrkir úr safnasjóði:	91.310.000	3,3%
Önnur framlög úr ríkissjóði:	60.449.474	2,2%
Aðrir styrkir:	56.335.777	2,0%
Styrkir frá menningarsamningum / sóknaráætlun ríkis og sveitarfélaga:	43.189.000	1,6%
<b>Samtals</b>	<b>2.769.342.881</b>	

### c) Upphæð rekstrartekna

Heildarrekstrartekjur fimm safna voru undir tíu milljónum króna á árinu 2015, en fjögur söfn voru í þeim hópi árið áður. Tuttugu og sex söfn voru með heildarrekstrartekjur undir 40 milljónum króna og vekur athygli að það virðist ekki fækka í þeim hópi safna, sem er ákveðið áhyggjuefni.

Fjögur tekjuhæstu söfnin voru með 46% af heildartekjum safnanna, eða tæpa 1,3 milljarðar króna. Þetta eru söfnin í eigu Reykjavíkurborgar, Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn auk Skógasafns og Listasafns Akureyrar. Meðaltækjur allra safnanna er 61,5 millj. kr.




Mynd 5

## d) Rekstrargjöld

Upplýsingum um rekstrargjöld safnanna var skipt í launakostnað, húsnæðiskostnað (leigugjöld, afborganir lána og rekstrarkostnað húsnæðis), verkefnakostnað og annan kostnað og heildarrekstrargjöld safnanna 45 voru 2.844 þús. kr.

Hlutfall húsnæðiskostnaðar af rekstri safnanna var samtals 28% eða rúmar 804 milljónir króna (sjá mynd 6). Er þar átt við leigugreiðslur, greiðslur af húsnæðislánum og annan rekstrarkostnað húsnæðis, t.d. tryggingar, orkukostnað og öryggisvöktun. Tuttugu og sjö söfn greiddu leigu og var hún að meðaltali 21,9 millj. kr. Sjö söfn greiddu af húsnæðislánum. Fjörutíu söfn töldu fram kostnað við rekstur húsnæðis, og var það að meðaltali 53,6 m.kr. Níu söfn greiða minna en 10% af rekstrarkostnaði í húsnæði og sjö söfn greiða 50% eða meira í húsnæði en meðal þeirra eru þau tvö söfn sem greiða svo til engin laun, húsnæðisliðurinn er því hærra hlutfall heildarrekstrarkostnaðar hjá þeim en hjá söfnum sem greiða laun.

Hlutfall launagjalda er 47% eða 1.338 millj. kr. Eins og fyrri ár, greiddu tvö söfn svo til engin laun árið 2015. Minnsta hlutfall launakostnaðar af heildargjöldum hjá þeim sem greiddu laun var 26% og hæsta hlutfall launakostnaðar var 81% af heildarkostnaði. Meðalhlutfall launakostnaðar af heildarkostnaði var 52%, sé miðað við þau söfn sem greiddu laun. Meðaltal launakostnaðar hjá söfnunum var 31,1 millj. kr. árið 2015 og án stóru safnanna fjögurra var meðaltal launakostnaðar 21,3 millj. kr. árið 2015.



Mynd 6




## e) Gestafjöldi

Upplýsingar um gestafjölda bárust frá 44 söfnum og árið 2015 var heildargestafjöldinn samtals 1.066.266 gestir hjá öllum söfnunum (en heildargestafjöldi frá 39 viðurkenndum söfnum árið 2014 var 845.260)


Meðalgestafjöldi var 24.233 og fengu þrjú aðgangshæstu söfnin tæplega 606.000 gesti, eða um samtals 65,7% gesta. Meirihluti safna, 25 af 45 fékk færri en 10.000 gesti á ári og 18 söfn fengu færri en 5000 gesti á ári. Fjöldi gesta var frá 697 til 304.991, og augljóst er að mikill grundvallarmunur er á öllu rekstrarumhverfi safnanna sem eru viðurkennd.

Þrjátíu söfn reyna að flokka gestakomur sínar nokkuð nákvæmlega en ekki er hægt að sýna þær upplýsingar með tölfræðilegum hætti því augljóst er að nokkur munur er á hver skilgreiningin er á hverjum flokki fyrir sig.



Mynd 7

Mynd 7 hér fyrir ofan sýnir meðaltal gestafjölda eftir tegund safns, ef tekin eru burt Reykjavíkursöfnin tvö, Listasafn Reykjavíkur (sem er með 231 þúsund gesti 2015) og Borgarsögusafn Reykjavíkur (sem var með 305 þúsund gesti 2015) þá lækkar meðaltalið allra safnanna í 12.617 gesti og jafnara verður einnig á milli flokka. (sjá mynd 8).



Mynd 8

#### f) Aðgöngueyrir

Þrjátíu og þrjú söfn af 45 rukka aðgangseyri að jafnaði. Aðgangseyrir fyrir fullorðna fullborgandi gesti er frá 500 kr. upp í 2000 kr. Er meðaltal aðgangseyris 1.050 kr. Einungis þrjú söfn rukka aðgangseyri fyrir börn, frá 200 kr. upp í 750 kr. Þrjátíu söfn rukka aðgangseyri fyrir eldri borgara, frá 250 kr. til 1.500 kr. og er meðaltalið 778 kr. Aðgangseyrir fyrir hópa er að jafnaði lægri en stakra gesta, 31 safn er með sérstaka verðskrá fyrir hópa og meðaltalið er 797 kr.


#### g) Starfsmannamál

Hjá 36 söfnum er forstöðumaður í 100% starfshlutfalli, en hjá tveimur þessara safna er forstöðumaður í ólaunuðu starfi. Hjá einu safni er forstöðumaður í 25% starfshlutfalli, hjá fimm söfnum er forstöðumaður í 50% starfi og í þremur söfnum er forstöðumaður í 60-75% starfshlutfalli.

Heildarfjöldi ársverka var 214,2 og meðaltal ársverka var 4,8. Reykjavíkursöfnin voru með 27,2 af þessum 214 ársverkum og án þeirra er meðaltal ársverka 3,7.

Eins og oft hefur verið haldið fram þá virðist safnastarf vera kvennastétt, en konur eru 70% af heildarstarfslíði viðurkenndra safna. Meiri jöfnuður er þó hjá forstöðumönnum safnanna, en karlar gegna starfi forstöðumanns hjá 19 söfnum, eða 41%, og konur veita 26 söfnum forstöðu.

Ekki virðist vera mikill munur á starfsmannafjölda eftir tegund safna, en meðalstarfsmannafjöldi allra safna eru 6,9 starfsmenn og þar af eru konur 67% starfsmanna (sjá mynd 9). Í blandaðri starfsemi eru að meðaltali 6,8 starfsmenn (74% konur), hjá listasöfnum eru 7,9 starfsmenn að jafnaði (77% konur) og hjá menningarminjasöfnum er það 6,4 starfsmenn (63% konur). Vakin er athygli á því að á bak við hvern starfsmann getur verið ólíkt starfshlutfall.



Mynd 9

#### h) Staða skráningar viðurkenndra safna

Fjörutíu og fjögur söfn gáfu upplýsingar um fjölda safngripa og telur hann rúmlega níu milljónir gripa og er meðaltala safngripa 206.000 safngripir. Það safn sem á sem flesta safngripa er Borgarsögusafn Reykjavíkur, með sex milljónir safngripa og Minjasafnið á Akureyri með tæplega 2,6 milljónir safngripa. Í þessum tilfellum eru það ljósmyndir sem eru bróðurparturinn af safnkostinum. Meðaltal safneignar er 11 þúsund safngripir fyrir utan þessi tvö söfn.

Þrjátíu og níu söfn gáfu upp hlutfall safngripa sem er skráð rafrænt. Er meðaltal rafrænnar skráningar safngripa 68,7% og er frá 1% til 100%, en 17 söfn hafa skráð 90-100% af safnkosti sínum rafrænt og má sjá öfuga fylgni með hlutfalli skráningar við stærð safnkosts.

Af 45 viðurkenndum söfnum nota 35 menningarsögulega gagnasafnið Sarp og er safnkostur þeirra að einhverjum hluta aðgengilegur á ytri vef Sarps. Tvö söfn nota Virtual Collection. Tónlistarsafnið notar [www.ismus.is](http://www.ismus.is) og náttúruminjasöfnin Náttúrustofa Kópavogs, Veiðisafnið, Grasagarður Reykjavíkur, Hvalasafnið og Sæheimar bíða eftir samræmdri skráningarstefnu á sviði náttúruminjasafna og nota mismunandi lausnir á meðan beðið er.



**SAFNARÁÐ**  
The Museum Council of Iceland

Samþykkt á 162. fundi safnaráðs  
16. maí 2017